

Nr. 057 / 11 Guðmundur í Nesi RE 13***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2626
Smíðaður: Noregur 2000, stál
Stærð: 1315 brl. 2464 bt.
Mesta lengd: 66 m Skráð lengd: 59,43 m
Breidd: 14 m Dýpt: 8,67 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 18



Guðmundur í Nesi ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS
Dagbók skips

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. apríl 2011 var Guðmundur í Nesi RE 13 að togveiðum á Hampiðjutorgi. Veður: SV 14 m/sek.

Einn skipverja var á gangi fram eftir vinnsluþilfarinu þegar hann rann til og missti jafnvægið. Hann var frá vinnu þar sem eftir var túrsins.

Við komu til hafnar þann 4. maí leitaði hann læknis og kom þá í ljós að hann var fótbrottinn á vinstri fæti og liðbönd slitin í ökklanum.

Við rannsókn kom fram:

- að vinnsluþilfarið er háлкуvarið með flögu eða sandmálningu en á nokkrum stöðum voru blettir án háлкуvarna. Þar sem skipverjinn féll við er lítið svæði fremst á þilfarinu framan við frystitækin en þar var engin háلكuvörn;
- að sögn slasaða eru hvítlúður (stórlúður) dregnar fram eftir þessu svæði til að koma þeim niður um mannop í lestina sem er framan við tækin. Lúðurnar vilja stundum skilja eftir sig slor en hann hafi ekki veitt því athygli að svo hafi verið í þessu tilfelli því svæðið hafi virtst þurrt;
- að sögn skipstjóra var um þurrt svæði að ræða og hvítlúða ekki dregin þar um enda ekki í dráttarlínu við lúguna;

- að slasaði var í „neopran thermo“ stígvélum svörtum en þau eru úr mýkra gúmmíi og stamari. Þeir hafi verið að grálúðuveiðum og hann geti ekki fullyrt að ekki hafi verið grútur undir sólum;
- að eftir slysið var ákveðið að skipverjar fituhreinsuðu skófatnað sinn reglulega;
- að slasaði veit til þess að menn hafi fallið á svona óvörðum blettum en ekki slasast;
- að skipstjóri taldi að bara eitt óvarið svæði væri á þilfarinu eða þar sem skipverjinn féll;
- að samkvæmt upplýsingum skipstjóra fjallaði öryggisnefnd skipsins ekki sérstaklega um þetta mál en komið tilmælum um úrbætur til útgerðarinnar. Brugðist hefur verið við þeim tilmælum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að skipverjinn rann til á vinnsluþilfarinu, sennilega vegna grúts á skófatnaði.